

14. gr.

Ef faggilt skoðunarstofa óskar eftir að segja faggildingu sinni upp, þá skal það gert með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Sé uppsögn tilkynnt með skemmri fyrirvara er skoðunarstofu skylt að greiða gjald sem nemur 50% af síðast greiddu eftirlitsgjaldi.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar, og viðskiptaráðherra setur, skal skoðunarstofan greiða á gjalddaga.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi þegar við birtingu.

Viðskiptaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

*Sveinn Þorgrímsson.***AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 317, 28. ágúst 1992:

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu hækka allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um 3,34% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Steinunn Bjarman.